

[Til baka](#)[Prenta](#)

Oddi bs - 10

Haldinn Suðurlandsvegi 1-3, 05.12.2016 og hófst hann kl. 13:00

Fundinn sátu: Þorgils Torfi Jónsson oddviti,
Egill Sigurðsson oddviti,
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir aðalmaður,
Sólrún Helga Guðmundsdóttir aðalmaður,
Nanna Jónsdóttir sveitarstjóri, Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri

Dagskrá:

Almenn mál

1. 1612004 - Rekstraryfirlit 05122016

Rekstur Odda jan-okt 2016

Farið var yfir rekstraryfirlit Odda bs janúar-október 2016.

2. 1612003 - Skólagjaldskrár 2017

Tillaga að gjaldskrá fyrir Odda bs 2017

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir Odda bs. Gerðar eru lítilsháttar breytingar á fyrirkomulagi gjalds fyrir skóladagheimili og fæði. Leikskólagjöld eru óbreytt frá fyrra ári en skerpt er á texta varðandi fyrirkomulag afsláttarreglna.

Samþykkt samhljóða og vísað til aðildarsveitarfélaga til staðfestingar.

3. 1610048 - Rekstraráætlun 2017 - Oddi bs.

Breyting á samþykktri áætlun vegna nýrra samninga kennara.

Lögð fram tillaga um að breyta fjárhagsáætlun Odda bs. fyrir árið 2017 í samræmi við nýgerða samninga við grunnskólakennara. Breytingin hækkar launaliði áætlunarinnar um 11,9 m.

Samþykkt samhljóða

Almenn mál - umsagnir og vísanir

4. 1612005 - Rannsókn á vegum HÍ - ósk vegna spurninglista

Alma Sigurbjörnsdóttir sálfræðinemi óskar eftir leyfir til að mega leggja spurningalista fyrir foreldra leikskólabarna.

Lagt fram erindi frá Ölmú Sigurbjörnsdóttur sálfræðinema sem óskar eftir að fá að leggja rafræna könnun fyrir foreldra 3-5 ára leikskólabarna. Leitað hefur verið álits persónuverndar og siðanefndar Háskóla Íslands og er ekki gerð athugasemd af þeirra hálfu. Tillaga er um að stjórn Odda geri ekki athugasemd við að slík könnun sé lögð fyrir.

Samþykkt samhljóða

[Leyfi vegna rannsóknar við Sálfræðideild HÍ](#)

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00

[Til baka](#)[Prenta](#)